

dýrslega eðlishvöt, sem í mér býr", tók Glenister aftur til orða. Þegar eg yfirgef borgirnar, verð eg að villimanni. Eg kenni hinnar fornu frum-ástríðu — bardaga-fýsnarinnar".

"Ef til vill færðu brátt tækifæri".

"Hvernig þá?"

"Það mál er þannig vaxið. Eg mætti Mexico Mullins í morgun. Þú manst eftir Mexico gamla? Hann er náunginn, sem fann aftur eignarréttar-spilduna við Steðjalæk í fyrra sumar".

"Þú meinar þó ekki þrjótinn, sem strákarnir ætluðu að hengja án dóms og laga fyrir landa-brask?"

"Jú, alt er sami fuglinn. Manstu eftir, að eg sagði þér frá greiða, er eg gjörði honum þarna niður hjá Guadalupe?"

"Var það ekki eitthvað út úr kæruleysi með byssu?"

"Jú-jú. — Nú, nú, eg tók þegar eftir því, að hann var orðinn svínfeitur. "Hvernig stendur á öllu þessu kjöti?" spyr eg. Sælkera-spik; alt á vömbinni, eins og hann væri að dragast saman í kúlu. Afar stóran demantshring hafði hann líka á fingrinum".

"Hví gengurðu svona út um miðjuna, Mexico?" spurði eg.

'Auðæfi, stjórn mála-störf og aðrar stór-framfarir', svaraði hann. Mexico hefir ekki gleymt sínum gömlu kunningjum, þrátt fyrir mið-fituna. Hann rak mig út í horn og mælti: 'Bill! Eg ætla að borga þér fyrir Moralez kaupin'.